

1864.
21. marz.

leiða athygli yðar að lögum, sem út komu fyrir Danmörku 4. marzm. 1857, og eru þar ákveðin árleg laun, að upphæð frá 20 til 100 rd., úr jafnaðarsjóðum amtanna handa sóknarfógetunum, en störf þeirra eru öldungis samkynja þeim, er hreppstjórnarnir hafa á hendi sem réttarþjónar og lögregluþjónar. Til að hlífa jafnaðarsjóðunum sem mest, væri ef til vill ráðlegast að skipa málinu á þann hátt, að hreppstjórnarnir fengju ekki endurgjald þetta fyrri en eftir nokkurra ára þjónustu, t. a. m. eftir 3 ár, og að upphæðin, sem ákveða ætti á hverju ári innan vissra takmarka, skyldi fara vaxandi í hlutfalli við það, hversu lengi hver og einn hefði haft hreppstjórn á hendi.

30. marz.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1864—65.

Með bréfi þessu sendir stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður, eftirrit af þeim kafla, er Ísland snertir, í fylgiskjali, er heyrir til fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1864—65, er staðfest voru af konungi 21. þ. m., og skal yfirhöfuð um þetta málefni skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í bréfi hinnar Íslenzku stjórnardeildar 15. aprílm. 1851, einkum um þau atriði, er nú skal greina:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárlögum hvers árs, skal borga hlutadeigendum afdráttarlaust, eftir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu bréfi 31. maím. 1855 1. gr., án þess nokkra sérstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án þess tekið sæ til greina, hvort launin í fjárlögunum eru sett hærri eður lægri en áður hefir verið;

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr aðalféhirzlu ríkisins, þá verður ekki annað ávísað en það, sem eftir áður sögðu er komið í gjalddaga, þá er embættismaðurinn æskir borgunarinnar. Landfógeti verður og ávallt

að hafa ritað á launaávísanir þessar, að þær hafi verið hon-
um sýndar og að hann hafi bókað þær.

1864.
30. marz.

Um leið og þær, herra stiptamtmaður, eruð beðnir að kunn-
gjöra hlutaðeigendum það, er með þarf, samkvæmt því, sem að
ofan er sagt, skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir
í dag verið ritað um þetta málefni og eins hinum amtmönnu-
num á Íslandi, að því leyti snertir þá sjálfa og embættismenn
þá, er búa í umdæmum þeirra.

Að síðustu skal þess getið, að með því eigi er lokið prentun
fjárlaganna verða þau eigi send yður í þetta skipti. En síðar
mun yður verða sent eitt exemplar af þeim, og mun yður þá
einnig verða skýrt nákvæmar frá þeim atriðum í þeim, sem ný
eru.

**26. Lög, um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, 31. marz.
ekku eptir Jón jústizráð Thorstensen, landlækni á
Íslandi.**

(Frumvarp til laga þessara, er lagt var fyrir ríkisdaginn, og ástæð-
urnar fyrir því, var þannig hljóðandi:

Frumvarp til laga

um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, ekkju eptir
Jón jústizráð Thorstensen, landlækni á Íslandi.

Eptirlaun þau, 164 rd. 56 sk. ríkismyntar á ári, sem ekkjan
Elín Thorstensen fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, Jón heitinn
Thorstensen, jústizráð og landlækni á Íslandi, skulu hækkuð um 135 rd.
40 sk. á ári frá 1. degi aprilm. 1864.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Í þegnlegri bænarskrá, er send var dómsmálastjórninni, hefir alþingi
Íslendinga, það er haldið var árið 1863, beðið um, að Elínu Thorstensen,
ekku eptir Jón heitinn Thorstensen, jústizráð og landlækni á Íslandi,
verði veitt að minnsta kosti 200 ríkisdala viðbót við eptirlaun þau, sem
hún fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, en það eru 164 rd. 56 sk.
á ári.

Alþingi hefir getið þess, að Thorstensen jústizráð, sem var land-